



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2012.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging), 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 638 – 496. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar framangreindu frumvarpi og telur hér stigin jákvæð skref í þá átt að leiðrétta þá skerðingu er gerð var á fæðingar- og foreldraorlofi í kjölfar þrenginga í ríkisfjármálum haustið 2008. MRSÍ gerir þó athugasemdir við að fallið var frá að kveða á um að mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skuli aldrei nema hærri fjárhæð en kr. 400.000. Í dag nemur þessi fjárhæð 300.000 kr. og eins og frumvarpið er í núverandi mynd skal fjárhæðin hækka í 350.000 kr., í stað 400.000 kr. eins og fyrirhugað var.

MRSÍ telur og mikilvægt að kveðið verði skýrt á um hvenær skerðing greiðslna í fæðingar- og foreldraorlofi verði að fullu gengin til baka. Þá gerir skrifstofan enn fremur athugasemd við það að færa eigi til fyrra horfs þann tíma sem foreldrum er heimilt að dreifa fæðingarorlofi sínu á, þ.e. að miðað verði við fyrstu 18 mánuði í lífi barns, eða frá því barn kemur inn á heimili vegna ættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur, í stað 36 eins og nú er. Þó vissulega megi taka undir það, sem segir í greinargerð um 1. gr. frumvarpsins, að tilgangur fæðingarorlofs sé fyrst og fremst að annast barnið á fyrstu mánuðunum í lífi þess þegar það þurfi á mikilli umönnun foreldra að halda og að barnið eigi þess kost að mynda sterk tilfinningatengsl við báða foreldra sína og sama gildi þegar börn séu nýkomin á framtíðarheimili sín vegna ættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur, þá verður þó að ætla að foreldri sé samvistum við barn sitt og myndi tengsl við það þó foreldrið sé ekki í fæðingar- eða foreldraorlofi. Að hafa aukið svigrúm getur skipt foreldra miklu máli og geta ýmsar ástæður legið þar að baki. Telur MRSÍ að lágmarki að kanna þurfi hver áhrif breytingin í 36 mánuði hefur haft varðandi töku fæðingar- og foreldraorlofs, t.d. hvort hún hafi aukið möguleika foreldra á að skipta töku fæðingarorlofs jafnt á milli sín.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri